



Umboðsmaður Alþingis  
Þórshamri, Templarasundi 5  
101 Reykjavík

Garðabær, 22. janúar 2025  
Mál GB nr. 2403491  
Mál UA nr. 018/2023

**Efni: Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna athugunar OPCAT-eftirlits á búsetuúrræði Vinakots.**

Garðabæ barst þann 27. júní 2024 skýrsla umboðsmanns Alþingis (UA) vegna athugunar OPCAT-eftirlits embættisins á búsetuúrræði Vinakots ehf. fyrir börn sem fram fór dagana 26. til 27. apríl 2023.

Í skýrslunni er að finna umfjöllun og niðurstöður sem varða m.a. lagaumgjörð, aðbúnað og almenna starfsemi í búsetuúrræðum.

Í skýrslunni er ýmsum ábendingum og tilmælum beint með almennum hætti til sveitarfélaga en í ljósi þess að barn frá Garðabæ vistaðist hjá Vinakoti ehf. þegar heimsókn fór fram er í 13. kafla skýrslunnar óskað eftir því að upplýst verði um viðbrögð bæjarins við þeim ábendingum og tilmælum í skýrslunni sem beint er til sveitarfélaga, sem og um aðrar aðgerðir sem talið er tilefni til að ráðast í vegna hennar.

Garðabær hefur nýtt sér búsetuúrræði Vinakots í tilviki tveggja barna á síðustu fjórum árum. Þegar úttekt var gerð var eitt ungmenni í dagþjónustu og hvíldardvöl hjá Vinakoti. Í dag er staðan sú að ekkert barn á vegum Garðabæjar nýtir nú búsetuúrræði fyrirtækisins. Eitt barn naut þjónustu annars fyrirtækis en henni lauk í enda árs 2024. Stefnan hjá Garðabæ er sú að í framtíðinni verði búsetuúrræði vegna barna, á vegum einkaaðila ekki nýtt.

Þrátt fyrir að Garðabær hafi mótað sér þá stefnu að nýta ekki einkarekin búsetuúrræði vegna barna hefur sveitarfélagið engu að síður tekið ábendingar og tilmæli UA til ítarlegrar skoðunar. Í meðfylgjandi umfjöllun er stiklað í gegnum kafla skýrslu UA sem innihalda athugasemdir til sveitarfélaga og fjallað um viðbrögð Garðabæjar við tilmælum umboðsmanns.

## 5. kafli skýrslu UA

Í **5. kafla** skýrslunnar er þeim tilmælum beint til sveitarfélaga *að tryggja að ávallt liggi fyrir hvers vegna barn vistast á tilteknum lagagrundvelli í Vinakoti eða öðrum sambærilegum búsetuúrræðum. Einnig að gengið sé úr skugga um að viðkomandi úrræði sé vistunargrundvöllurinn ljós og tilhögun vistunar taki mið af þeim reglum sem af honum leiða. Að afла ávallt ráðgjafar sérfræðingateymis við ákvörðun um vistun barns með fjölbættan vanda og/eða fötlun utan heimilis, lögum samkvæmt.*

Óski foreldrar fatlaðs barns með fjölbættan vanda og/eða vegna fötlunar barnsins, eftir búsetu utan heimilis vegna þess að barnið þarfust annarskonar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili þess er það gert með vísan í 21. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Eftir að ósk um slíkt er komin fram þá er send greinargerð og gögn til sérfræðingateymis ráðuneytisins í samræmi við 20. gr. laga nr. 38/2018. Leitað er eftir sjónarmiði barns eftir því sem aldur þess og þroski leyfir.

Komi til þess að taka þurfi ákvörðun um úrræði vegna barns mun slík ákvörðun byggjast á áliti teymisins og eru það foreldrar/forráðamenn sem taka ákvörðun um slíkt úrræði. Í 13. kafla skýrslu UA kemur fram að Garðabær hafi haft barn í sólarhringsþjónustu í búsetuúrræðum Vinakots þegar heimsókn umboðsmanns fór fram. Garðabær tekur fram að þegar leitað var eftir þjónustu Vinakots vegna umrædds barns árið 2017 hafði sérfræðingateymið ekki tekið til starfa.

Í þeim tilvikum þegar Garðabær hefur nýtt þjónustu eða búsetuúrræði Vinakots og annarra sambærilegra einkarekinna aðila, vegna barns hefur slíkt verið gert á grundvelli samnings fyrir hvert tilvik. Í samningum sem GB hefur gert við Vinakot kemur fram að þeir séu gerðir á grundvelli þjónustuskyldu sveitarfélagsins samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks og reglugerðar nr. 1038/2018 um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir. Að auki gilda reglur Garðabæjar frá 15. apríl 2021 um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Form að þjónustusamningi vegna þjónustu, búsetu eða dvalar hjá einkareknum þjónustuveitendum hefur verið endurskoðað. Undir gildissvið samnings um búsetuúrræði falla heimili sem taka mið af þörfum einstaklinga sem þurfa á þjónustu að halda á grundvelli III. og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og/eða börn sem vistuð eru á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Í þjónustusamningi er tilgreint að hann grundvallist á 9. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 6. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þá er jafnframt tilgreint í samningi að starfsemin sem um ræðir grundvallast á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011, reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010 og reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016. Um starfsemina gilda einnig lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 auk laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Jafnframt skal höfð til hliðsjónar reglugerð um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum nr. 1037/2018 þar sem við á. Til viðbótar grundvallast þjónusta við börn og ungmenni einnig á barnaverndarlögum nr. 80/2002, reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir nr. 1038/2018 og lögum um sampættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Að lokum er tilgreint í samningi að við veitingu þjónustu skal samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks vera leiðarljós og einnig skal byggja grunnstoðir þjónustu við börn og ungmenni á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá skulu gæðaviðmið Gæða- og eftirlitstofnunar velferðarmála fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk lögð til grundvallar við veitingu þjónustu auk áherslina sveitarfélagsins í jafnréttis- og mannréttindamálum.

Sé um barnaverndarmál að ræða hafa börn sinn málsskjóra sem þau þekkja og geta leitað til. Standi til að vista barn utan heimilis þá er eftirfylgd barnaverndarstarfsmanna mikil og meðferðaráætlun samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 virk. Tryggt er að upplýsingar skili sér greiðlega í samtölum við börn og forráðamenn og að samvinna bæði við forráðamenn og eftir atvikum barn eftir aldri þess og þroska um meðferð málsins og úrræði.

## 6. kafli skýrslu UA

Í **kafla 6.2.** beinir UA þeim tilmælum til sveitarfélaga að tryggja að efni þjónustusamninga sé í samræmi við lög, þ.á.m. þannig að í þeim sé mælt fyrir um eftirlit með þjónustunni og meðferð ágreiningsmála. Þeirri ábendingu er jafnframt beint til sveitarfélaga að þjónustusamningar tilgreini leiðir fyrir þjónustunotanda til að leita réttar síns telji hann á sér brotið.

Í þjónustusamningi sem stuðst var við þegar úttekt UA fór fram árið 2023 er tilgreint að Vinakot skuli hafa reglulega samráðsfundi með starfsmönnum velferðarsviðs Garðabæjar. Í framkvæmd skilar Vinakot vikulegu yfirliti um þjónustu fyrir hvern einstakling sem nýtur þjónustu fyrirtækisins. Þá eru reglulegir samráðsfundir starfsfólks velferðarsviðs Garðabæjar og Vinakots, þar sem farið er yfir líðan, atvik og annað, að minnsta kosti mánaðarlega. Með þessu móti hefur Garðabær talið sig hafa nægjanlegt eftirlit með þjónustu fyrirtækisins. Þegar barn hefur verið vistað á vegum einkaaðila hafa starfsmenn velferðarsviðs Garðabæjar litið við í húsnæði fyrirtækisins til að kanna aðstæður og aðbúnað.

Í samningum við Vinakot voru ekki bein ákvæði er tilgreina meðferð ágreiningsmála eða leiðir fyrir þjónustunotanda til að leita réttar síns telji hann á sér brotið. Í samningum er tekið fram að Vinakot skuli vinna samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Þá er í reglum Garðabæjar um um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra frá 15. apríl 2021 er í 20. gr. kveðið á um málskot til velferðarráðs Garðabæjar og í 21. gr. er kveðið á um kæru til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Með nýju formi að þjónustusamningi við einkaaðila fylgir sérstök kröfulýsing vegna úrræða fyrir börn og ungmanni. Í kröfulýsingunni eru ákvæði hvernig skuli farið með athugasemdir, kvartanir og atvik. Þar er kveðið á um að barn/ungmenni og forsjáraðilar þess geti gert formlega athugasemd við eða lagt fram kvörtun yfir/vegna þjónustu sem fyrirtæki veitir. Brýnt er sérstaklega fyrir öllum starfsmönnum að vera vakandi fyrir óánægju barns/forsjáraðila, leiðbeina þeim við að koma á framfæri athugasemdu eða bera fram kvörtun og sjá til þess að athugasemdir og kvartanir fari í viðeigandi farveg. Þá ber viðkomandi fyrirtæki ábyrgð á að tilkynnt sé til réttindagæslumanns fatlaðs einstaklings taflaust vakni grunur um að brotið hafi verið á barni/ungmenni, hvort sem er innan eða utan starfsemi heimilis. Einnig ber fyrirtækið ábyrgð á að tilkynna til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála öll alvarleg atvik sem snúa að notendum þjónustunnar.

Málstjóri, sem er fagaðili hjá sveitarfélagini, skal upplýstur um öll slík atvik eins fljótt og verða má og fá afrit af öllum skriflegum tilkynningum. Málstjóri er tengiliður milli þeirra sem að þjónustu koma og er málsvari fyrir heildstæða þjónustu til þess að koma til móts við margþættar og flóknar þarf barns/ungmennis. Hlutverk málstjóra er að samræma þarfir og vinnu ólíkra aðila sem að koma að þjónustu við barn/ungmenni. Hann sér til þess að faglegur stjórnandi hjá fyrirtækinu fái allar þær upplýsingar sem þörf er á til að geta sinnt þjónustu við barn/ungmenni með fullnæggjandi hætti. Málstjóri gegnir einnig hlutverki tengiliðar við fyrirtæki vegna málefna barns/ungmennis.

Hvað varðar þann sem nýtur búsetuúrræðis fyrirtækisins þá er gerður einstaklingssamningur milli einstaklingsins annars vegar og þjónustusala (fyrirtækisins) og þjónustukaupa (sveitarfélagsins) hins vegar. Í þeim samningi er m.a. tilgreint hver sé notandi þjónustunnar, á hvaða heimili í rekstri þjónustusala hann býr, gildistími samnings o.fl. Með samningnum fylgir kröfulýsing sbr. hér að ofan, um þjónustuna sem veitt er.

Í **kafla 6.3.** beinir UA þeim tilmælum til þeirra sveitarfélaga sem það á við að gera kröfulýsingu eða þjónustulýsingu í samningum vegna vistunar barna með fötlun sem vistast í Vinakoti.

Eins og að framan greinir hefur sérstök kröfulýsing vegna úrræða fyrir börn/ungmenni á vegum einkaaðila verið unnin sem fylgiskjal með þjónustusamningi. Í kröfulýsingu koma fram þær kröfur sem gerðar eru til þjónustu og reksturs á vegum fyrirtækisins. Kröfulýsingin inniheldur þrjá meginþafla þar sem fjallað er um hlutverk og meginmarkmið úrræðis, rekstur þjónustunnar og kröfur sem lúta að henni, svo sem um skipulag, ábyrgð, upplýsingaskyldu og eftirlit og loks þjónustunnar við börn/ungmenni þar sem hún er skilgreind og almennum kröfum til hennar lýst.

Í **kafla 6.4.** beinir UA þeim tilmælum til sveitarfélaga *að tryggja að mat á þjónustubörf og ákvörðun um þjónustu sé ávallt á þeirra eigin hendi.* UA kemur einnig á framfærni við sveitarfélögini að þau hafi í huga að þau bera ábyrgð á gerð og inntaki stuðningsáætlana vegna barna í búsetuúrræðum Vinakots. Þannig er rétt að sveitarfélögini hafi frumkvæði eða a.m.k. að komu að gerð slikra áætlana.

Í samræmi við reglur Garðabæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra veitir ráðgjafi velferðarsviðs ráðgjöf þegar umsókn eða beiðni er komin fram um úrræði. Stuðningsþörf er metin í samvinnu við umsækjanda, þ.e. forráðamenn þegar um barn er að ræða og ráðgjafa velferðarsviðs. Ávallt er leitað eftir sjónarmiði barnsins eftir því sem aldur þess og þroski leyfir. Við matið er horft til þarfa, heildaraðstæðna fjölskyldunnar og skipulag daglegs lífs. Matið á stuðningsþörf er unnið af ráðgjöfum á velferðarsviði Garðabæjar. Jafnframt er gerð einstaklingsáætlun í samráði við forsjáraðila og barn eftir því sem aldur þess og þroski leyfir. Niðurstaða mats kemur síðan fram í stuðningsáætlun, í áætlun máls og einstaklingsbundinni þjónustuáætlun.

Yfir hverju máli er málstjóri sem er fagaðili og starfsmaður sveitarfélagsins. Hann er sá aðili sem er í mestum tengslum við barn/fjölskyldu áður en til búsetu eða þjónustu kemur. Um hlutverk málstjóra er fjallað hér að framan.

Í **kafla 6.5.** þá beinir UA þeim tilmælum til sveitarfélaga *að framkvæma reglulega markmiðstengt árangursmat á vistun barna í Vinakoti.*

Eins og kemur fram hér að framan skilar fyrirtækið vikulegu yfirliti um þjónustu fyrir hvern einstakling sem nýtur þjónustu þess. Jafnframt eru haldnir reglulegir samráðsfundir starfsfólks velferðarsviðs Garðabæjar og Vinakots þar sem farið var yfir líðan, atvik og annað, að minnsta kosti mánaðarlega.

## 7. kafli skýrslu UA

Í **kafla 7.5** er þeirri ábendingu beint til sveitarfélaga *í þeim tilvikum sem samningur gerir ráð fyrir einum starfsmanni á vakt með barni að taka til skoðunar og meta hvort öryggi þjónustunotenda sé nægilega tryggt með slíku fyrirkomulagi.*

Garðabær hefur tekið til endurskoðunar hvernig mönnun sé háttað við þjónustu skjólstæðinga Garðabæjar. Sérstaklega hefur verið tekið tillit til hvort þörf sé á aukinni eða breyttri mönnun við þjónustu í viðkvæmum tilvikum á borð við að á vakt sé kvenkyns starfsmaður þegar um er að ræða þjónustu við stúlkur.

Í áðurnefndri kröfulýsingu vegna úrræða fyrir börn/ungmenni er fylgir þjónustusamningi vegna þjónustu eða búsetuúrræði einkarekinna fyrirtækja er kveðið á um að þjónustusali skuli tryggja að starfsemi sé ætið mönnuð nægilega mörgum starfsmönnum svo að hægt sé að veita þá þjónustu sem skilgreind er í kröfulýsingu. Garðabær gerir sér einnig að sjálfsgögðu grein fyrir ábyrgð sinni á veittri þjónustu sbr. m.a. 9. gr. reglugerðar nr. 1038/2018 um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir þar sem krafa er gerð um að tryggt sé að ávallt sé nægileg mönnun á heimili svo unnt sé að veita barni viðunandi þjónustu.

## 8. kafli skýrslu UA

Í **kafla 8.1.2** beinir UA þeim tilmælum til sveitarfélaga og eftir atvikum mennta- og barnamálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra *að taka til skoðunar og meta hvort börn sem vistast í búsetuúrræði fái þá sérhæfðu og þverfaglegu þjónustu sem þau eiga rétt á lögum samkvæmt og grípa til aðgerða til úrbóta ef þörf telst á.*

Komi í ljós við gerð á mati á stuðningsþörf að þörf sé á aðkomu fleiri fagaðila er óskað eftir því að málið sé samþætt á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í samræmi við 20. gr. laganna er tilnefndur málstjóri þjónustu í þágu farsældar barnsins. Málstjórinn er starfsmaður velferðarsviðs Garðabæjar og situr hann teymisfundí og fylgir máli barnsins eftir.

## 10. kafli skýrslu UA

Í **kafla 10.2** beinir UA þeim tilmælum til sveitarfélaga að þau taki til skoðunar og meti hvort aðgengi barna í búsetuúrræðum að fulltrúum barnaverndar eða eftir atvikum félagsþjónustu sé nægilega tryggt og hvort börnin séu upplýst með fullnægjandi hætti um möguleika þeirra í þeim efnum. Sé þessu ábótavant eiga sveitarfélöginn að bæta úr.

Þegar vistun utan heimilis er fyrirhuguð og/eða börn komin í vistun þá hafa þau sinn málstjóra sem þau þekkja, samanber umfjöllun hér að ofan. Skipulögð eru viðtöl og heimsóknir til þeirra en auk þess hafa þau möguleika á að senda málstjóra sínum tölvupóst og hringja í hann. Þegar börn eru komin í svo þung úrræði þá er eftirfylgd mikil og meðferðaráætlun samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 virk.

Í **kafla 10.3.** beinir UA þeim tilmælum til sveitarfélaga að barn hafi raunhæfa möguleika á að koma sjónarmiðum á framfæri í málum er varða vistun þeirra utan heimilis, s.s. með aðstoð talsmanns, lögmanns eða réttindagæslumanns.

Í Garðabæ er lögð er áhersla á þáttöku barna eftir því sem þroski þeirra og aldur leyfir, þegar teknar eru ákvarðanir er varða líf þeirra og aðstæður. Þegar tekin er ákvörðun um að kanna mál sem barnaverndarmál er bókað um hvort þeim verði skipaður talsmaður. Það er sjaldan gert á þessu stigi málsins heldur ákveðið að starfsmaður barnaverndar ræði við þau. Í meðferðarvinnu með fjölskyldum er lögð áhersla á þáttöku barna en tekið er mið af aldri þeirra og þroska sem og eðli málsins. Ef til vistunar utan heimilis kemur er börnum skipaður talsmaður skv. 46. gr. barnaverndarlaga til að fá fram afstöðu þeirra til vistunarinnar og annarra þátta. Starfsmaður barnaverndar á einnig samtöl við þau vegna þessa. Sé barnið orðið 15 ára og ekki tilbúið til að samþykkja vistun utan heimilis fær það aðstoð lögmanns við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Í **kafla 10.4** beinir UA þeim tilmælum að kortleggja helstu réttindi barnanna, þ.á.m. til að tjá sig um mál er þau varða, um kvörtunar- og kæruleiðir og um aðgengi að hvers konar réttindagæslu.

Þegar mál er í farvegi barnaverndarlaga gilda skýr ákvæði um þáttöku barna sem unnið er eftir á öllum stigum vinnslunnar. Ef börn, 15 ára og eldri, eru ekki tilbúin til að samþykkja úrræði sem metið hefur verið að séu þeim nauðsynleg eru þeim kynnt réttindi sín til að fá aðstoð lögmanns og þau fá í öllum tilvikum aðstoð til að tryggja þeim þann rétt. Þegar börn fá stuðning talmanns og lögmanns útskýrir málstjóri fyrir þeim hvers vegna þessir aðilar koma að máli þeirra en síðan er þessum aðilum falið að útskýra tilgang sinn og markmið fyrir börnunum. Sé úrskurðað gegn vilja barna eru þeim kynntar hvaða kæruleiðir eru mögulegar. Ávallt er tekið mið af aldri barns og þroska þess við meðferð máls.

Í **kafla 10.5** beinir UA þeim tilmælum til sveitarfélaganna að þau hafi með kerfisbundnum hætti frumkvæði að því að veita börnum í búsetuúrræðum upplýsingar um fyrirhugaða lengd vistunar, bæði við upphaf hennar og reglulega í framhaldi af því, svo og að upplýsingagjöfin sé í eins góðu samræmi við fyrirséða lengd og frekast er unnt.

Barnaverndarstarfsmenn Garðabæjar tryggja að upplýsingar komist til skila í samtölum við börn og forráðamenn. Lögð er áhersla á að aðgengi að málstjórum sé gott og þeir svara fyrirspurnum á milli viðtala í tölvupósti og í gegnum síma. Upplýsingar um úrræði fyrir börn og foreldra þeirra er einnig að finna í meðferðaráætlunum sem gerðar eru í samvinnu við fjölskylduna.

Jafnframt beinir UA þeim tilmælum að sveitarfélögin hafi með kerfisbundnum hætti frumkvæði að því að endurskoða vistanir barna í búsetuúrræðum og tilhögum þeirra, einkum m.t.t. hvort unnt sé að draga úr þeim takmörkunum á frelsi og friðhelgi sem börnin kunna að sæta, og tryggja að börnin og eftir atvikum talsmenn þeirra séu upplýstir um rétt barnanna til að fá ákvarðanir um vistunina eða tilhögun hennar endurskoðaðar.

Garðabær ber samkvæmt lögum og reglum ábyrgð að fylgjast með velferð og farsæld barna. Komi upp vísbendingar um takmörkun á frelsi og friðhelgi barns mun Garðabær að sjálfsögðu bregðast við. Í því skyni getur Garðabær leitað ráðgjafar til sérfræðingateymis skv. 14 .gr laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk ef grunur er um beitingu nauðungar eða þvingunar.

Ef barn er vistað utan heimilis skv. 21. gr laga nr. 38/2018 er það að beiðni og samkvæmt ákvörðun foreldra. Um þjónustu við barnið og stuðningsáætlun vegna þess eru haldnir reglulegir samráðsfundir þar sem tilhögun vistunar eru í sífelliðri endurskoðun. Eins og fram kemur hér að ofan tryggja barnaverndarstarfsmenn og starfsmenn velferðarþjónustu Garðabæjar reglubundna upplýsingagjöf til barna og forráðamenn þeirra. Í þeirri upplýsingagjöf felst að börn og forráðamenn eru upplýst um rétt til endurskoðunar ákvarðana sem teknar hafa verið. Ávallt er tekið mið af aldri og þroska barns við meðferð máls.

## 11. kafli skýrslu UA

Í 11. kafla beinir UA þeim tilmælum að sveitarfélögin viðhafi viðhlítandi eftirlit með vistun barna lögum samkvæmt þ.á.m með því að vera í reglubundnum sambandi við börnin og fara í eða senda fulltrúa sinn í reglubundnar heimsóknir í búsetuúrræðin.

Í formála bréf þessa kemur fram að ekkert barn á vegum Garðabæjar nýtir nú búsetuúrræði einkaaðila og að stefnan hjá Garðabæ er sú að í framtíðinni verði búsetuúrræði vegna barna, á vegum einkaaðila verði ekki nýtt.

Þá hefur komið fram hér í svörum Garðabæjar að starfsmenn velferðarþjónustu sveitarfélagsins leitast við að vera í þéttu og góðu samstarfi við börn og forráðamenn þeirra, sem njóta þjónustu bæjarins.

Virðingarfyllst,



Svanhildur Þengilsdóttir,  
sviðsstjóri velferðarsviðs Garðabæjar